

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F144/2023

Reykjavík, 12. desember 2023

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Í lok nóvember sl. var á vefsíðum nokkurra fréttamiðla fjallað um þvingaðar ófrjósemisaðgerðir á fötluðu fólki á Íslandi og vakin athygli á að framkvæmdin hérlendis hefði verið þungamiðja erlendarar umfjöllunar um stöðu fatlaðs fólks hvað þessar aðgerðir varðar. Í einni frétt um málið á mbl.is 26. nóvember sl. kemur fram að frá 2019 hafi Ísland bannað ófrjósemisaðgerðir án samþykkis nema í lœknisfræðilegri nauðsyn. Legnám teljist hins vegar vera lœknismeðferð og því undanskilið banninu. Þá taki lög ekki á því hvernig alvarlega fatlaðir einstaklingar gætu samþykkt slíkar aðgerðir.

Með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað að heilbrigðisráðherra upplýsi umboðsmann hvort tilvitnuð umfjöllun kunni eða hafi þegar leitt til einhverra viðbragða af hálfu ráðherra á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda hans og þá hverra.

Þess er óskað að svör og eftir atvikum gögn sem varpa ljósi á framangreind atriði berist ekki síðar en 5. janúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT